

AUGLÝSING

um

vörumerki.

66

7. okt.

Með 8. gr. verzlunarsamnings, sem gjörður var 6. apríl 1928 milli Íslands og Austurríkis, var stofnað til gagnkvæmrar verndar fyrir austurrísk vörumerki hér á landi og íslensk vörumerki í Austurríki. Samkvæmt því er svo ákveðið, að þegnar hvors ríkis um sig njóti að því er vörumerki snertir, í hinu ríkinu sömu verndar, sem lög þess ríkis nú eða síðar, meðan samningurinn er í gildi, veita sínum eigin þegnum fyrir vörumerki þeirra. Sama gildir um þegna annara ríkja, sem búsettir eru í samningsríkjunum eða reka þar fasta atvinnustofnun við iðnað eða verzlun.

Samkvæmt því sem að framan greinir nær vernd sú, sem heimiluð er með lögum nr. 43, 13. nóvember 1903, til austurrískra vörumerkja, svo sem íslensk væru, meðan téður samningur er í gildi, en að sjálfsögðu með þeim skilyrðum og takmörkum, sem sett eru í þessu efni í 15. gr. greindra laga.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

TILSKIPUN

um

67

4. nóv.

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Tékkóslóvakíu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Tékkóslóvakíu eins og eigin þegnum, þá viljum Vér samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir: